

Hvernig svara á krossaspurningum

1. Lestu spurninguna hægt og vandlega, reyndu að svara spurningunni áður en þú lítur á svarmöguleikana.
2. Byrjið á léttustu spurningunum.
3. Reyndu að útiloka strax svör sem þú veist að eru ekki rétt.
4. Veldu þann möguleika sem gefur besta og víðtækasta svarið.
5. Svarmöguleikar sem innihalda fullyrðingar eins og alltaf, aldrei, allir, enginn og svo framvegis eru sjaldan réttir. Á heildina litið eru röng svör oftast mjög stutt eða mjög löng.
6. Ef þú ert í vafa er stundum ráðlegt að láta sjón ráða för, hvað lítur út fyrir að vera réttast.
7. Einnig getur verið gott að láta heyrn ráða för, hvað hljómar réttast.
8. Varist „gildrur“ til dæmis svör sem gætu litið út fyrir að vera rétt, bullsvör, svör sem eru ætluð til að villa um fyrir próftaka, spurningar sem eru ruglingslega orðaðar t.d. „Allt sem hér á eftir er rétt nema...“
9. Ekki breyta svari þínu nema þú sért hundrað prósent viss um að þú sért að svara vitlaust. Oftast er fyrsta val besta valið.

Lauslega þýtt:

<http://www.edinboro.edu/cwis/acaff/suppserv/tips/CAT23TP2.html>